

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps  
62. fundur.

**Priðjudaginn 30. desember 2008 kom hreppsnefnd Húnavatnshrepps saman til fundar að Húnavöllum. kl. 11.00. Björn Magnússon setti fundinn og stjórnaði honum. Þorleifur Ingvarsson ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leiti samkvæmt undirskriftum.**

**Dagskrá:**

1. Breyting á útsvarsprósentu ársins 2009.
2. Fundargerðir:
  - a) Byggingarnefndar dags. 22. desember 2008.
  - b) Menningar- íþróttá- og æskulýðsnefndar dags. 26. nóv. 2008.
  - c) Stjórnar SSNV dags. 8. desember 2008.
  - d) Bygðasaml. um menningu og atvinnumál í A-Hún, dags. 2. des. 2008.
3. Bréf.
  - a) Frá Eignarhaldsfélagi BÍ dags. 12. des. 2008.
  - b) Frá Önnu Hinriksdóttur dags. 16. des. 2008.
  - c) Frá Samgönguráðuneytinu dags. 18. des. 2008.
  - d) Frá Árna Bragasyni dags. 15. des. 2008.
4. Önnur mál

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 11.10

**1. Breyting á útsvarsprósentu ársins 2009.**

**Kynnt var svohljóðandi tillaga.**

Alþingi hefur samþykkt frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sem m.a. kveður á um heimild til hækkunar á útsvarsprósentu ársins 2009 úr 13.03% í 13.28%.

Þar sem lögum hefur verið breytt og hámarksálagning útsvars hefur verið heimiluð 13.28% þá samþykkir hreppsnefnd breytingu á fyrri samþykkt sinni frá fundi dags. 25. nóv 2008, lið 2. og hækkar útsvarsprósentu ársins 2009 um 0.25 prósentustig eða í 13.28%.

Þetta er nauðsynlegt til þess að Húnavatnshreppur fái eðlilegan hlut í framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem eru skilyrt um fulla nýtingu tekjustofna.

**Fyrirliggjandi tillaga** um hækkun á útsvari úr 13,03% í 13,28 % var samþykkt samhljóða og jafnframt var samhugur hjá sveitarstjórn að nýta þennan tekjuauka til sértækra aðgerða í tengslum við fjárhagsáætlun.

**2. Fundargerðir:**

**a) Byggingarnefndar dags. 22. desember 2008.**

Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

**b) Menningar- íþróttá- og æskulýðsnefndr dags. 26. nóv. 2008.**

Lögð fram til kynningar.

**c) Stjórnar SSNV dags. 8. desember 2008.**

Lögð fram til kynningar.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps  
62. fundur.

**d) Byggðasaml. um menningu og atvinnumál í A-Hún, dags. 2. des. 2008.**  
Lögð fram til kynningar.

**3. Bréf.**

**a) Frá Eignarhaldsfélagi BÍ dags. 12. des. 2008.**  
Efni: Áhrif fjármálakreppunnar á EBÍ.  
Lagt fram til kynningar.

**b) Frá Önnu Hinriksdóttur dags. 16. des. 2008.**  
Efni: Beiðni um útgáfustyrk.  
Samþykkt var að fresta afgreiðslu og oddvita falið að skoða málið frekar.

**c) Frá Samgönguráðuneytinu dags. 18. des. 2008.**  
Efni: Frestur á afgreiðslu fjárhagsáætlunar.  
Fram kemur í efni bréfsins að samgönguráðuneytið veitir sveitarstjórn Húnavatnshrepps frest til loka janúar 2009 á afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2009.

Samþykkt var samhljóða að heimila greiðslu á nauðsynlegum útgjöldum sveitarfélagsins á næsta ári, þó fjárhagsáætlun 2009 hafi ekki hlotið endanlega staðfestingu hreppsnefndar.

**d) Frá Árna Bragasyni dags. 15. des. 2008.**  
Sveitarstjóra og oddvita var falið að svara erindinu í samræmi við umræður á fundinum.

**4. Önnur mál.**

Tryggvi Jónsson lagði fram til kynningar fundargerð aðalfundar Eyvindarstaðarheiðar ehf. frá 9. des. sl.

Rætt var um kostnað vegna aukaheimsókna Búfjárefirlits til búfjáreigenda.  
Samþykkt var að innheimta kostnaðinn hjá hlutaðeigandi eins og lög gera ráð fyrir.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 12.45

---

Björn Magnússon

---

Tryggvi Jónsson

---

Jón Gíslason

---

Birgir Ingþórsson

---

Jóhanna E Pálmadóttir

---

Ólöf Birna Björnsdóttir

---

Gróa M. Lárusdóttir

---

Þorleifur Ingvarsson